**135. löggjafarþing 2007–2008.** **Prentað upp.**
**Þskj. 1146 — 285. mál.** Formbreyting.

# Breytingartillögur

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Grunnskólar skulu sjá nemendum fyrir málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Málverður samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.
2. Við 24. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Í öllu skólastarfi skal stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.
3. Við 33. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lengd viðvera og tómstundastarf samkvæmt þessari grein skal vera nemendum að kostnaðarlausu.
   b. 2. mgr. falli brott.